

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um breytingu á prestakallaskipun í Árnespófastsdæmi.

Með skírskotun til bréfs yðar til ráðuneytisins, dags. 28. marz 1962, varðandi beiðni íbúa bæjarins Laxárdals í Gnúpverjahreppi um að flytjast úr Hrunasókn í Árnespófastsdæmi í Stóra-Núpsókn í sama prófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfundar fyrir þessari ráðstöfun, svo og tilmæli yðar, samþykkir ráðuneytið með vísun til 8. gr. laga nr. 31 4. febrúar 1952, um skipun prestakalla, að framangreindur bær skuli framvegis heyra undir Stóra-Núpskirkjusókn.

Nr. 33.

12. apríl.

REGLUGERÐ

um starfsemi Verkfæranefndar ríkisins.

1. gr.

Landbúnaðarvélar og verkfæri eru tekin til prófunar á þrennan hátt, eftir því sem aðstæður leyfa:

- a. Prófun einstakra landbúnaðarverkfæra, að ósk framleiðenda eða umboðsmanns hans.
- b. Samanburðartilraunir á verkfærum, sem notuð eru til sama starfs, skal fara fram eftir því sem Verkfæranefnd þykir ástæða til.
- c. Verkfæranefnd skal heimilt að taka verkfæri til prófunar að eigin frumkvæði, ef henni þykir ástæða til. Skal þá framleiðenda eða umboðsmanni hans tilkynnt um prófunina.

2. gr.

Prófað landbúnaðarverkfæri má ekki taka aftur til prófunar, nema á því hafi verið gerð breyting, sem eftir mati Verkfæranefndar gefur tilefni til nýrrar prófunar.

3. gr.

Beiðni um verkfæraprófun skal vera skrifleg. Með umsókninni skal fylgja nákvæm lýsing á viðkomandi verkfæri, svo og myndir af því og leiðbeiningar um notkun þess.

4. gr.

Umsókn um prófun skal berast Verkfæranefnd eigi síðar en 2 mánuðum fyrir þann tíma, sem áætlað er, að prófun hefjist. Umsókn um prófun haustuppskeruvéla skal þó berast eigi síðar en 15. apríl sama ár og prófun er áætluð.

Sé notkun viðkomandi verkfæris bundin við vissan árstíma, skal það berast nefndinni í hendur fyrir þann tíma.

5. gr.

Umsækjandi skal afhenda Verkfæranefnd viðkomandi verkfæri til fullra umráða á meðan prófun stendur. Hann skal á tilsettum tíma senda það til Verkfæranefndar að Hvanneyri eða á annan þann stað, sem nefndin ákveður.

Umsækjandi sér um og kostar flutning verkfæris til og frá tilraunastað.

Verkfæri, sem sent er til prófunar, skal að öllu leyti vera sambærilegt við þau verkfæri af sömu gerð, sem eru á markaðnum.